

**Tilmæli 19/2016**

Fyrri númer:
A 1665/näring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Fylgiskjal/skjöl:
Nefndarálit um
þingmannatillögu um að
auðvelda frjálst flæði
vinnuafls milli
Norðurlandanna

Málsnúmer: 15-00230-15

Samræming á vinnureglum og viðurkenning á menntun auðveldi frjálst flæði vinnuafls

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamæri ríkjanna við hin ýmsu starfsgreinasamtök um að samræma vinnureglur sínar í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað á sviði viðkomandi starfsgreinar. Þetta gæti til dæmis farið fram í formi norrænna forverkefna sem styðja eða bæta upp forverkefni ESB um evrópska fagskírteinið, *European Professional Card*, og áhersluna þar á iðngreinar (þar á meðal byggingagreinar), sem og félags- og heilbrigðisgreinar;

að kortleggja gildandi reglur um viðurkenningu á menntun í löndunum og skiptast á *bestu starfsvenjum* með tilliti til viðurkenningar lögverndaðra starfsgreina, með það fyrir augum að auðvelda frjálst flæði ólíkra starfsstétta almennt séð, sem og að greiða fyrir móttöku nýlegra aðflutts vinnuafls á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði.

Kaupmannahöfn, 11. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs